



Alþingi
Nefndasvið,
við Austurvöll
101 Reykjavík

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 29. apríl 2019
Tilvísun: UTN19030432/03.G.002
StSi/bt

Ráðuneytið vísar til tölvuskeytis nefndasviðs Alþingis dags. 8. mars sl. en með honum var ráðuneytinu send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um að fordæma viðbrögð stjórnvalda á Spáni við atkvæðagreiðslu um sjálfstæði Katalóníu. Ráðuneytið hefur farið yfir tillöguna og vill veita eftirfarandi umsögn um hana:

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um að fordæma viðbrögð stjórnvalda á Spáni við atkvæðagreiðslu um sjálfstæði Katalóníu

(Lögð fram á 149. löggjafarþingi 2018-2019. Þskj. 526 - 395. mál).

Alþingi hefur óskað umsagnar utanríkisráðuneytisins við tillögu til þingsályktunar um að fordæma viðbrögð stjórnvalda á Spáni við atkvæðagreiðslu um sjálfstæði Katalóníu sbr. þingskjal 526 – 395. mál.

Umrædd atkvæðagreiðsla um sjálfstæði héraðsins fór fram í Katalóníu hinn 1. október 2017, og því nokkuð um liðið. Á sínum tíma komu íslensk stjórnvöld á framfæri áhyggjum sínum vegna þeirra átaka sem urðu á kjördegi og í kjölfar atkvæðagreiðslunnar og hvöttu til stillingar og sáttu. Einnig hafa íslensk stjórnvöld fylgst vel með eftirmálum atkvæðagreiðslunnar, þ.m.t. handtöku og gæsluvarðhaldi nokkurra sjálfsstæðissinna eftir að samstarfsmenn þeirra flúðu land, og átt í samskiptum við spænsk stjórnvöld varðandi þróun mála í Katalóníu eins og henni hefur undið fram.


Þannig hefur Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra í tvígang rætt málefni Katalóníu við utanríkisráðherra Spánar. Í fyrra skipti ræddi ráðherra við þáverandi utanríkisráðherra Spánar í febrúar 2018, í tengslum við fundi í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í Genf og, í síðara skipti, við núverandi utanríkisráðherra Spánar hinn 25. febrúar sl.

- aftur til hliðar við þing mannréttindaráðsins í Genf. Er þá ótalinn fjöldi samtala á embættismannastigi, þ.m.t. af hálfu sendiherra Íslands gagnvart Spáni (með aðsetur í Frakklandi), auk þess sem samskipti við sendiherra Spánar gagnvart Íslandi (með aðsetur í Noregi) hafa verið tíð.

Skilaboð íslenskra stjórnvalda hafa iðulega verið á sömu lund – að hvetja deiluaðila til samtals og sátta, til friðsamlegrar lausnar innan þeirra marka sem spænsk stjórnarskipun setur, og þess sé gætt að borgaraleg réttindi séu virt. Utanríkismálanefnd Alþingis hefur verið haldið upplýstri um afstöðu íslenskra stjórnvalda hverju sinni.

Orðanotkun er vandmeðfarin í milliríkjasamskiptum. Mikilvægt er að viðhalda ákveðnu stigveldi þar að lútandi, og gæta þess að viðbrögð hæfi tilefni hverju sinni í orðum og gjörðum. Þannig fordæma íslensk stjórnvöld iðulega hryðjuverk eða önnur illvirki sem kosta mannlíf. Ekkert viðlíka átti sér stað hinn 1. október 2017 á Spáni, enda er utanríkisráðuneytinu ekki kunnugt um að önnur ríki hafi fordæmt viðbrögð stjórnvalda á Spáni við atkvæðagreiðslunni. Almennt voru viðbrögð vestrænna ríkja mjög á sömu lund og í anda viðbragða íslenskra stjórnvalda sem að ofan lýsir.

Íslensk stjórnvöld munu áfram eiga í samskiptum við spænsk stjórnvöld vegna þróunar mála í Katalóníu og áfram tala fyrir sáttum og samtali deiluaðila í millum. Staðan í Katalóníu er margslunin og viðkvæm, og vandséð að fordæming, líkt og umrædd tillaga til þingsályktunar mælir fyrir um, myndi liðka þar fyrir.

F.r.

Sturla Sigurjónsson
ráðuneytisstjóri